

Reifun á úrskurði 10/2014

Kærandi flutti inn sex bifreiðar fyrir fyrirtækið L í Þýskalandi, en L hafði selt ferðamönnum pakkaferðir með reynsluakstri á Íslandi. Var kærandi ósammála gjaldskyldu þar sem bifreiðarnar voru ekki raunverulega á hans vegum heldur hafði hann aðeins útfært umræddar ferðir fyrir L. Þá vildi kærandi meina að jafnræðis væri ekki gætt, þar sem önnur fyrirtæki hefðu áður flutt inn bifreiðar fyrir L og hefði þeim ekki verið gert að greiða aðflutningsgjöld.

Niðurstaða:

Tollstjóri vísaði til 3. gr. tollalaga um almenna tollskyldu þess sem flytur inn vöru. Kærandi var skráður innflytjandi samkvæmt aðflutningsskýrslu og flutti bifreiðarnar inn til afhendingar fyrir viðskiptavini L. Staðfesti Tollstjóri því gjaldskyldu kæranda. Þar sem leigusamningar lágu ekki fyrir vegna bifreiðanna voru aðflutningsgjöld reiknuð af áætlaðri leigu sem 1/60 af tollverði þeirra sbr. 6. tl. 7. gr. tollalaga. Tollstjóri áréttaði að lokum að þrátt fyrir að aðrir aðilar hefðu flutt inn bifreiðar en ranglega komist undan greiðslu aðflutningsgjalda réttlætti það ekki samskonar tollmeðferð kæranda.